



19. fundur stjórnarnefndar Þjóðskjalasafns Íslands miðvikudaginn 14. júní 2023 kl. 12 í húsakynnum safnsins að Laugavegi 162 í Reykjavík.

Fundinn sátu Anna Agnarsdóttir formaður, Erla Hulda Halldórsdóttir, Karen Þóra Sigurkarlsdóttir, Óskar J. Sandholt og Trausti Fannar Valsson. Jóna Símonía Bjarnadóttir boðaði forföll sem og varamaður hennar. Enn fremur sátu fundinn Hrefna Róbertsdóttir þjóðskjalavörður, Þuríður Árnadóttir framkvæmdastjóri rekstrar og Njörður Sigurðsson aðstoðarþjóðskjalavörður sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Yfirlit yfir starfsemi 2023 – greinargerð þjóðskjalavarðar
2. Ársskýrla 2022
3. Hollvinasamtök Þjóðskjalasafns Íslands – ályktun kynnt
4. Fjármál – Ársreikningur 2022
5. Innviðaverkefni Þjóðskjalasafns – staða innleiðingar
6. Tilfærsla verkefna og safnskosts Borgarskjalasafns og Héraðsskjalasafns Kópavogs til ÞÍ

Anna Agnarsdóttir formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hún bauð Erlu Huldu Halldórsdóttur, Óskar J. Sandholt og Trausta Fannar Valsson velkomin á sinn fyrsta fund. Síðan var gengið til boðaðrar dagskrár.

1. Yfirlit yfir starfsemi Þjóðskjalasafns 2023 – greinargerð þjóðskjalavarðar.

Þjóðskjalavörður fór yfir starfsemi og helstu verkefni Þjóðskjalasafns á árinu 2023 og verkefni framundan. Einnig fór hún almennt yfir starfsemi Þjóðskjalasafns fyrir nýja stjórnarnefnd. Þjóðskjalasafn er í stafrænni umbreytingu sem hefur áhrif á skjalahald hins opinbera. Starfsfólki hefur fjölgað undanfarin ár og er viðbúið að starfsfólki haldi áfram að fjölga vegna aukinna verkefna. Parfareining á húsnæðismálum safnsins hefur verið sett af stað á ný af FSRE og er stefnt að því að hún verði tilbúin í lok árs eða byrjun þess næsta. Auglýst hefur verið eftir 1.000 til 5.000 fermetra varðveisluhúsnæði til leigu til fimm til tíu ára og er vonast til að það húsnæði geti verið tilbúið innan átta mánaða. Þjóðskjalavörður gerði einnig grein fyrir erlendum samstarfsverkefnum sem safnið hefur tekið þátt í og útgáfuverkefnum safnsins. Þjóðskjalasafn er í samstarfi við Háskóla Íslands um kennslu í viðbótardiplóma í hagnýtri skjalfræði og er mikil aðsókn í námið.

Til málს tóku Hrefna Róbertsdóttir, Erla Hulda Halldórsdóttir og Anna Agnarsdóttir.

2. Ársskýrla 2023.

Þjóðskjalavörður kynnti nýútkomna ársskýrslu Þjóðskjalasafns fyrir árið 2022 sem liggur fyrir fundinum og fór yfir helstu verkefni síðasta árs.

Til málს tók Hrefna Róbertsdóttir.



3. Hollvinasamtök Þjóðskjalasafns Íslands – ályktun kynnt.

Formaður og þjóðskjalavörður kynntu starfsemi Hollvinasamtaka Þjóðskjalasafns Íslands sem stofnuð voru á síðasta ári. Á aðalfundi samtakanna sem fram fór 1. júní sl. var samþykkt ályktun um húsnæðismál Þjóðskjalasafns sem er svohljóðandi: „Aðalfundur Hollvinasamtaka Þjóðskjalasafns Íslands haldinn fimmtudaginn 1. júní 2023 skorar á stjórnvöld að tryggja safninu nýtt húsnæði nú þegar miklar breytingar eru framundan á framtíðarfyrirkomulagi skjalavörslu og skjalastjórn í landinu. Þjóðskjalasafn Íslands gegnir lykilhlutverki í þeirri miklu stafrænu umbreytingu í upplýsingamálum sem blasir við á næstu árum. Nýtt húsnæði safnsins er ein af forsendum þess að hægt sé að tryggja hagfella og örugga skjalavörslu og skjalastjórn til framtíðar. Vegna menningarsögulegs hlutverks safnsins væri heppilegast að leysa húsnæðismál þess með þeim hætti að sem traustust tengsl væru tryggð milli þess og Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, Þjóðminjasafns, Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og háskólastigsins.“

Til máls tóku Anna Agnarsdóttir, Hrefna Róbertsdóttir, Trausti Fannar Valsson og Óskar J. Sandholt.

4. Fjármál – Ársreikningur 2022.

Þuríður Árnadóttir, framkvæmdastjóri rekstrar, gerði grein ársreikningi ársins 2022, fjárveitingu til safnsins árið 2023, rekstraráætlun ársins 2023 og stöðu hennar.

Á árinu 2022 var framlag úr ríkissjóði til rekstrar alls 505 m.kr. borið saman við 369,2 m.kr. árið 2021. Samkvæmt ársreikningi 2022 var afkoma Þjóðskjalasafns Íslands í heild jákvæð um 49,8 m.kr. en var neikvæð um 54,7 m.kr. á árinu 2021. Rekstrargjöld ársins námu 617,9 m.kr. Stærsti útgjaldaliðurinn eru laun 401,8 m.kr. (65% heildarútgjalfa). Launakostnaður hækkaði um 12,7 m.kr. milli ára en ársverk voru nær óbreytt 33,7 árið 2022 en 34 árið 2021. Laun, aðkeypt þjónusta og húsnæði nema um 86% af heildarrekstrarkostnaði. Þjóðskjalasafn hefur ekki greitt leigu fyrir húsnæðið á Laugavegi og því er húsnæðiskostnaður einungis þriðji stærsti útgjaldaliður stofnunarinnar árið 2022 (10% heildarútgjalfa). Petta mun breytast á næsta ári, en samkomulag var gert um að FSRE taki yfir húsnæði Þjóðskjalasafns frá áramótum. Sértekjur ársins námu alls 147,8 m.kr., þar meðtalið er framlag ráðuneytisins til héraðsskjalasafna 31,5 m.kr. sem Þjóðskjalasafn annast milligöngu um, styrkur Alþingis til útgáfu Yfírréttarins 10 m.kr. og framlag til húsaleigu vegna húsnæðis að Höfðabakka 7 12 m.kr. Sérfræðiþjónustuverkefni skiliðu alls um 79 m.kr., og eru þar tvö verkefni langstærst (Óbyggðanefnd 42 m.kr. og útseld vinna vegna frágangs skjalasafna um 35 m.kr.). Jákvæð afkoma í árslok skýrist að stærstum hluta af því að ekki var lokið við að ráða í stöður sem fjárveiting var fyrir og kostnaður vegna þeirra dekkaði ekki allt árið. Þá voru sértekjur hærri er ráð var fyrir gert. Fjárfestingar ársins námu alls 10,5 m.kr.

Fjárlög vegna 2023 gera ráð fyrir 804,7, m.kr. fjárveitingu til Þjóðskjalasafns og auk þess eru sértekjur áætlaðar 119,1 m.kr. á árinu. Útgjaldabreytingar frá fyrra ári eru þær helstar að í rekstri er gert ráð fyrir kr. 214,5 m.kr. í framlagi úr ríkissjóði til greiðslu húsaleigu vegna Laugavegs og sömu fjárhæð til gjalda. Þá er gert ráð fyrir 75 m.kr. viðbótarframlagi til launa vegna



innviðaverkefnisins. Aðhaldskrafa er alls uppá 12,6 m.kr., þar af 8,2 m.kr. vegna launakostnaðar og 4,1 vegna rekstrargjalfa. Fjárfestingarliður er í mínuum um 37 m.kr. í upphafi árs. Viðræður hafa átt sér stað við ráðuneytið um viðbrögð til að mæta þeirri stöðu. Rekstraráætlun 2023 gerir ráð fyrir tekjum og gjöldum í jafnvægi innan ársins miðað við þær forsendar sem við höfum nú. Áætlun hefur verið skilað og verið samþykkt en verði breytingar á fjárveitingum í fjáraukalögum ársins verður brugðist við því í samráði við ráðuneytið.

Til máls tóku Þuríður Árnadóttir, Trausti Fannar Valsson, Anna Agnarsdóttir, Hrefna Róbertsdóttir og Óskar J. Sandholt.

5. Innviðaverkefni Þjóðskjalasafns – staða innleiðingar.

Njörður Sigurðsson, aðstoðarþjóðskjalavörður, gerði grein fyrir stöðu á innviðaverkefni safnsins sem snýr að stafrænni umbreytingu. Í mál hans kom fram að fjárveitingar hafa fengist til að ráða starfsfólk vegna stafrænna umbreytinga og til að fjárfesta í hug- og vélbúnaði. Ný stefna Þjóðskjalasafns, sem sett var á síðasta ári, hefur það að markmiði að styrkja stafræna innviði Þjóðskjalasafns svo það geti betur tekist á við lögbundin verkefni. Skipuriti safnsins var jafnframt breytt frá 1. mars 2022 til að takast á við þessa breytingu. Val á nýju skráningarkerfi liggur fyrir og er unnið að undirbúningi innleiðingar með aðstoð ráðgjafa frá KPMG. Áherslubreytingar Þjóðskjalasafns hafa þegar skilað sér í meiri afhendingu pappírsskjala og meiri afhendingu rafrænna gagna. Næstu skref í innviðaverkefni Þjóðskjalasafns er innleiðing á Scope skjalaskráningarkerfinu og yfirfersla á gögnum úr eldra kerfi í nýtt. Þá er markmiðið að koma upp svokölluðum stafrænum lestrarsal fyrir notendur safnkostsins og mínum síðum fyrir viðskiptavini. Mikilvægt verkefni innan safnsins er að vinna að einfaldari rafrænum skilum fyrir afhendingarskylda aðila og er þar hugmyndin að koma upp þjónustuborði fyrir afhendingarskylda aðila þar sem Þjóðskjalasafn veitir meiri þjónustu við gagnaskil en áður og þar með skapast hagræði fyrir ríkið í heild. Tilraunaverkefni fer fram á næstu misserum við magnskönnun skjala en sérstakur skanni hefur þegar verið keyptur til þess.

Til máls tóku Njörður Sigurðsson, Hrefna Róbertsdóttir, Erla Hulda Halldórsdóttir, Anna Agnarsdóttir og Óskar J. Sandholt.

6. Tiltækifæsti verkefna og safnkosts Borgarskjalasafns og Héraðsskjalasafns Kópavogs til Þjóðskjalasafns.

Njörður Sigurðsson, aðstoðarþjóðskjalavörður, főr yfir tilfærslu verkefna og safnkosts Borgarskjalasafns Reykjavíkur og Héraðsskjalasafns Kópavogs til Þjóðskjalasafns en sveitarstjórnir beggja sveitarfélaga ákváðu í mars og apríl síðastliðnum að leggja niður starfsemi þessara héraðsskjalasafna í núverandi mynd. Þegar héraðsskjalasafn er lagt niður er Þjóðskjalasafni skyldt að taka við skjölum safnanna til varðveislu og skulu þau sveitarfélög sem að héraðsskjalasöfnunum stóðu greiða fyrir flutning skjalanna í Þjóðskjalasafn. Á grundvelli þessa hefur verið unnið að aðgerðaráætlun fyrir tilfærslu á verkefnum og safnkosti Borgarskjalasafns og liggur hún fyrir í drögum og er áætlað að hún verði grundvöllur að samkomulagi milli ríkis og Reykjavíkurborgar um verkefnið. Þjóðskjalasafn hefur fundað með bæjarritara og bæjarlögmanni Kópavogs um að



gera aðgerðaráætlun á sama grunni og um Borgarskjalasafn og verður hún unnin í kjölfar áætlunar borgarinnar, en þegar liggja fyrir grunnupplýsingar um stöðu safnkosts Héraðsskjalasafns Kópavogs.

Til máls tóku Njörður Sigurðsson, Anna Agnarsdóttir, Hrefna Róbertsdóttir, Óskar J. Sandholt, Erla Hulda Halldórsdóttir og Trausti Fannar Valsson.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:54.